Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

149. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 16. október 2026
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Birkir Ingibjartsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Eydís Inga Valsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Helgi Steinar Helgason, Hjördís Ýr Johnson, Karólína Helga Símonardóttir, Kjartan Atli Kjartansson, Stefán Már Víðisson, Sævar Birgisson, Valdimar Birgisson, Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri og Jóhannes Bjarki Bjarkason starfsmaður SSH.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Varaformaður Hjördís Ýr Johnson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. **Ferðavenjukönnun framhaldsskólanna 2026 - 2604003**

Fyrirliggjandi eru niðurstöður rannsóknar á ferðavenjum framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að greina hvaða þættir hafa áhrif á ferðavenjur nemenda og val þeirra á fararmáta til og frá skóla. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar og unnið af EFLU í samstarfi við SSH.

Ráðgjafar frá EFLU komu á fundinn og kynntu helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Gestir

Valur Elli Valsson, Efla -

Daði Baldur Ottósson, Efla -

Ráðgjafar EFLU fóru yfir kynningu sína, svöruðu spurningum og tóku þátt í umræðum.

2. **KÓP Gunnarshólmi - Breytingar á svæðisskipulagi - 2503001**

Þann 7. mars 2025 barst svæðisskipulagsnefnd bréf frá verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar, f.h. skipulagsfulltrúa bæjarins, þar sem óskað var eftir að svæðisskipulagsnefnd tæki til meðferðar breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags fyrir Geirland og Gunnarshólma. Einnig fylgdu bréfinu drög að lýsingu vegna breytinganna, dags. 21. janúar 2025, ásamt fylgigögnum.

Erindið var kynnt á 136. fundi nefndarinnar þann 14. mars 2025 og komu þá starfsmenn Kópavogsbæjar og ráðgjafi frá verkfræðistofunni VSÓ og kynntu erindið. Á fundinum var svæðisskipulagsstjóra falið að greina málið frekar og vinna greiningu á sviðsmyndum fyrir áframhaldandi meðferð þess.

Málið var á ný til umræðu á 137. fundi nefndarinnar 11. apríl 2025 og lá þá fyrir minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 9. apríl 2025. Á fundinum var

svæðisskipulagsstjóra falið að óska eftir frekari gögnum frá Kópavogsbæ til samræmis við fyrirliggjandi minnisblað og umræður fundarins. Óskað var eftir frekari gögnum vegna erindisins með bréfi dags. 28. apríl 2025.

Svæðisskipulagsnefnd barst þann 28. september sl., erindi dags. 18. september 2026, frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar. Erindinu fylgdu frekari gögn vegna málsins. Þá var óskað eftir að erindið og fylgigögn þess yrðu lögð fram á fundi nefndarinnar þann 16. október 2026.

Fyrirliggjandi er bréf svæðisskipulagsstjóra til Kópavogsbæjar þar sem óskað er frekari gagna vegna málsins, dags. 28. apríl 2025, auk minnisblaðs svæðisskipulagsstjóra dags. 9. apríl 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags 18. september 2026, auk fylgigagna.

Starfsmenn Kópavogsbæjar og ráðgjafi frá verkfræðistofunni VSÓ komu á fundinn og kynntu erindið.

Gestir

Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar -

Andrea Kristinsdóttir, verkefnastjóri aðalskipulags Kópavogsbæjar -

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Starfsmenn Kópavogsbæjar og ráðgjafi VSÓ kynntu erindið, svöruðu spurningum og tóku þátt í umræðum.

3. Breytingar á skipulagslögum - 2608004

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda, drög að frumvarpi til laga um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010.

Í drögum að frumvarpi koma fram tillögur um málsmeðferð varðandi breytingar á gildandi svæðisskipulagi, breytt verklag við afgreiðslu og staðfestingu svæðisskipulags o.fl. Kynningartími málsins er til 16. október 2026.

Fyrirliggjandi eru gögn sem í kynningu eru í samráðsgátt stjórnvalda:
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010.
- Samanburðarskjal, fylgiskjal í samráðsgátt, dags. 2. október 2026.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar vegna málsins.

Gestir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH -

Umræður.

Skrifstofu SSH er falið að fullvinna umsögn nefndarinnar til samræmis við umræður fundarins. Þá er svæðisskipulagsstjóra falið að senda umsögn nefndarinnar í samráðsgátt stjórnvalda.

4. Fagráð SSH - fundir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar eru:
Fundargerð 50. fundar fagráðs SSH dags. 8. apríl 2026.
Fundargerð 51. fundar fagráðs SSH dags. 6. maí 2026.
Fundargerð 52. fundar fagráðs SSH dags. 11. ágúst 2026.
Fundargerð 53. fundar fagráðs SSH dags. 8. september 2026.

Lagt fram til kynningar.

5. 150. fundur svæðisskipulagsnefndar - 2003003

Fyrirliggjandi eru drög að dagskrá og fyrirkomulagi 150. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn verður 6. nóvember 2026.

Drög að dagskrá samþykkt og svæðisskipulagsstjóra falið að uppfæra drögin til samræmis við umræður fundarins. Svæðisskipulagsstjóra var jafnframt falið að lengja fundartíma 150. fundar um 30 mínútur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.